

Fimmtudaginn 11. desember 1997.

Nr. 192/1997.

**Sprettur ehf.**

(Gunnar Sólves hrl.)

gegn

**Friðriki Bjarnasyni**

(Hreinn Pálsson hrl.)

Verksamningur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Arnljótur Björnsson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1997. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sprettur ehf., greiði stefnda, Friðriki Bjarnasyni, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 20. desember 1996.**

Mál þetta, sem dómtekið var 4. desember sl., hefur Friðrik Bjarnason, kt. 131063-4239, Litluhlíð, Eyjafjarðarsveit, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 20. júní 1996 f. h. einkafirma síns, Vélaleigu Friðriks, kt. 131063-4239, Litluhlíð, Eyjafjarðarsveit, á hendur Spretti ehf., kt. 680787-1589, Reynihvammi 41, Kópavogi.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 558.544 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 10. október 1995 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda. Þess er einnig krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. október 1996, sbr. 12. gr. vaxtalaga.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar að mati dómsins. Til vara gerir stefndi þá kröfu, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður í því tilviki látinn niður falla.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að 10. júlí 1995 hafi málsaðilar gert með sér verksamning, þar sem stefnandi hafi tekið að sér ýmsa jarðvinnu við par- og raðhús, sem stefndi var með í smíðum á Akureyri. Hafi hann unnið upp frá því að þessum verkum, en orðið fyrir ýmsum töfum og óþægindum, sem stöfuðu af því, að stefndi og aðrir á hans vegum luku ekki sínum verkum, sem vinna þurfti, áður en hann gæti unnið sitt. Hinn 12. september 1995 hafi sér síðan borist bréf, þar sem stefndi rifti verksamningnum og bar fyrir sig vanefndir stefnanda, án þess að þær væru á nokkurn hátt tíundaðar. Kveðst stefnandi hafa reynt eftir þetta að ná samkomulagi um lok málsins og greiðslu fyrir verk sín, en án árangurs. Hið eina, sem sér hafi borist, hafi verið bréf, dagsett 7. desember 1995, sem hafi verið yfirlit um verkstöðu, unnið af stefnda án samráðs við sig, og hafi stefndi talið, að unnið hefði verið fyrir sem svarar 270.000 krónur af 1.150.000 kr., sem heildarupphæð samkvæmt verksamningi hafi verið. Hins vegar hafi stefndi greitt stefnanda í þremur greiðslum, alls 325.000 kr. Stefnandi kveðst ekki hafa sætt sig við þessa útlistun og leitað til Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Hafi Pétur Torfason verkfræðingur unnið greinargerð um verkstöðu út frá upplýsingum stefnanda. Samkvæmt niðurstöðu hans hafi stefnandi talist hafa innt af hendi meginhluta verksins og unnið fyrir 770.000 kr. af þeim 1.150.000 kr., sem heildartalan nam. Af þessum 770.000 krónum hafi stefndi, eins og áður segi, greitt 325.000 kr., og séu þá ógreiddar 445.000 kr. Greiðslur frá stefnanda hafi verið þessar: 17. 8. 1995 300.000 kr., 21. 8. 1995 15.000 kr., 7. 10. 1995 10.000 kr., samtals 325.000 kr. Þess utan hafi stefnandi unnið á tímabilinu 6. júní til 31. júlí 1995 önnur verk fyrir stefnda, sem hann hafi ekki gert reikning fyrir fyrr en nú, en þar hafi verið um að ræða malar-mokstur, flutning timburs og gröft. Alls sé þessi vinna á 113.544 kr., sem að viðbættum áðurnefndum 445.000 krónum geri stefnufjárhæðina, 558.544 kr.

Kveðst stefnandi reisa kröfugerð sína á verksamningi þeim, sem málsaðilar hafi gert, en í 2. gr. þess samnings sé vitnað til gagna, sem nefnd séu samningsgögn, og séu það teikningar frá HSÁ, teiknistofu, Akureyri, „svo og viðmiðun í íslenskan staðal og gildandi byggingarreglugerðir“, eins og segi orðrétt. Stefnandi telji sig að sínu leyti hafa staðið við samninginn, en ekki náð að ljúka verkinu vegna tafa sér óviðkomandi, og loks hafi riftun stefnda bundið enda á verk sitt. Engin leið hafi virst til að ná sáttum, enda greinilegur munur á álitum stefnanda og stefnda um, hverju sú vinna nam,

sem stefnandi vann. Fyrir liggi þó úttekt viðurkenndrar verkfræðistofu, byggð á verðskrá, sem notuð sé við kostnaðaráætlanir fyrir verk af líkum toga. Væntanlega sé þar einnig höfð hliðsjón af íslenskum staðli og þeim reglum, sem byggingaryfirvöld miði við. Hljóti þetta að vera áreiðanlegri heimild en bréf það um verkstöðu, sem stefndi hafi sent í desember 1995, sem virðist reist á álit hans sjálfs. Hér sé ekki heldur um svo flókna verkþætti að ræða, að verulegur merkingarmunur þurfi að vera á. Sé sérstaklega víkið að þeim reikningi, sem nú sé lagður fram, sé skýring á því, að hann var ekki fyrr gerður, sú, að það hafi verið verk utan hins eiginlega verk-samnings, sem nauðsynlegt hafi verið, til að verkum miðaði áfram, og hafi forsvarsmaður stefnda ekki óskað skriflega þeirrar vinnu, en starfsmenn þó verið á hans snærum, sem þurft hafi að láta vinna þau, og því handhægast að leita til stefnanda, sem hafi verið á staðnum. Forsvarsmaður stefnda hafi alls ekki heldur alltaf verið á staðnum, enda með verk m. a. í Grundarfirði. Ekkert hafi heldur komið fram um, að hann hafi mótmælt þessari vinnu. Sé reikningurinn miðaður við nákvæma tímamælingu og verkþátta getið.

Stefndi lýsir málavöxtum og málsástæðum sínum svo, að 10. júlí 1995 hafi stefnandi og stefndi gert með sér verksamning um vinnu við hluta af framkvæmdum við Huldugil 50-60 og Vættagil 17-24 á Akureyri, þar sem stefnandi hafi tekið að sér ýmsa jarðvinnu. Við samningsgerð hafi stefnandi hafið umsamið verk. Þegar í upphafi hafi stefnandi átt í erfiðleikum vegna fjárnámskröfu frá málflutningsskrifstofu, en til hafi staðið þá að vörslusvipta traktorsgröfu stefnanda, sem hafi verið honum nauðsynleg til þess að vinna verkið. Stefndi hafi greitt 300.000 kr. inn á framangreinda skuld stefnanda, og hafi þar með verið fallið frá því að vörslusvipta af hálfu kröfueiganda. Í kjölfarið hafi stefnandi horfið frá umsömdu verki í þágu stefnda og einungis unnið þá litlu verkþætti, sem greini í sundurliðun á dskj. nr. 13. Því verði að skrifa tafir og óþægindi og afleiðingar þeirra algerlega á reikning stefnanda sjálfs.

Í bréfi verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., dags. 11. mars 1996, séu áætlaðar eftirstöðvar á verksamningi stefnanda við stefnda reiknaðar til verðs að beiðni stefnanda og á grundvelli upplýsinga, sem stefnandi sjálfur hafi gefið um framkvæmdahluta verksins. Grundvelli þessa útreiknings sé mótmælt af hálfu stefnda, þar sem hann telji forsendur hans rangar, hvað varði þær upplýsingar, sem byggt sé á. Í þessu sambandi vísi stefndi til dskj. nr. 6, sem hafi að geyma upplýsingar um verkstöðu, dags. 7. desember 1995, sbr. dskj. nr. 13. Stefndi telji vinnuframlag stefnanda gallað og/eða ónýtt, hvað lagningu stétta varðar, vinnuframlag stefnanda við verkþáttinn og kostnaðarliðinn „stéttar“ sé lægra í krónum talið en nemi því, er verkinu

hafi verið áfátt. Þannig hafi stefndi greitt stefnanda 180.000 kr. fyrir verkþátt, sem kostað hafi stefnda 197.263 kr. að láta endurvinnna til þess að geta skilað viðsejendum sínum ógölluðu verki. Þá hafi ekki verið reiknað ómælt óbeint tjón og tími, sem stefndi hafi þurft að sjá af vegna þessa máls. Stefndi hafi þegar greitt stefnanda 325.000 kr. af verktilboði, sem í heild hafi numið 1.150.000 kr. Á sama tíma hafi stefnandi unnið í þágu stefnda fyrir 350.000 kr. í verkinu, en jafnframt hafi stefndi borið fjártjón, sem nemi 197.263 kr., og telji sig þannig hafa ofgreitt stefnanda a. m. k. 172.263 kr. Samkvæmt dskj. nr. 5 hafi stefndi rift verksamningi á dskj. nr. 7 við stefnanda vegna vanefnda hins síðarnefnda og áskilji sér rétt til að krefja hann um skaðabætur.

Kröfu um sýknu kveðst stefndi styðja við meginreglur kröfuréttar, sbr. lög nr. 39/1922 um lausafjárkaup, einkum 43. gr. Kröfu um málskostnað styðji stefndi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi og Páll Guðfinnur Harðarson, framkvæmdastjóri stefnda, hafa gefið aðilaskýrslur hér fyrir dómi. Þá hafa vitnin Guðjón Steingrímsson smiður, Pétur Torfason verkfræðingur og Haraldur Árnason tæknifræðingur gefið skýrslur hér fyrir dóminum.

Í máli þessu er ekki um það deilt, hver verkstaða var, er stefndi rifti verksamningnum, og lýstu aðilar yfir því við aðalflutning, að báðir reistu kröfur sínar á sömu verkstöðu.

Stefnandi hefur mótmælt því, að riftun stefnda á verksamningnum hafi verið heimil vegna vanefnda sinna. Telur hann tafir á verki sínu hafa orðið vegna atvika, er stefndi beri ábyrgð á. Þykir stefndi í þessu máli ekki hafa fært sönnur á réttmæti einhliða riftunar sinnar. Óljóst er, af hverju skemmdir þær stöfuðu, er síðar komu fram á stéttum og stefndi hefur lagt fram reikning yfir kostnað við viðgerð á. Fram er komið, að umrædd stétt var ekki járnbundin í upphafi, en við endurnýjun hennar var hún bundin jární, sem er innifalið í reikningi stefnda. Verður samkvæmt framangreindu að telja ósannað, að um sé að ræða galla, sem stefnandi beri ábyrgð á, enda fram komið, að hönnun stéttarinnar kunni að hafa verið áfátt.

Stefndi hefur lagt fram útreikning Haralds Árnasonar tæknifræðings á kostnaði við framkvæmd þess hluta verksins, sem stefnandi hafði framkvæmt, er riftunin fór fram, og kveðst hann miða þar við einingaverð, er hann hafi fundið við samanburð á heildarverkinu og verði þess. Telur tæknifræðingurinn, að samkvæmt sínum útreikningi hafi stefnandi unnið verk fyrir 409.410 kr. af samningsupphæðinni.

Stefnandi miðar kröfu sína við útreikning Péturs Torfasonar verkfræðings og kostnað við framkvæmd þeirra liða samningsins, sem ólokið var, er

riftun fór fram, og telur Pétur kostnað við að ljúka verkinu samkvæmt verksamningi nema 380.000 kr. Kveðst Pétur styðjast við einingaverð, sem notað sé á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. og almennt sé við stuðst við útreikning á kostnaði verka sem þessara. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að kostnaður hans við að ljúka verkinu hafi numið hærri fjárhæð en nemur þessum útreikningi Péturs Torfasonar verkfræðings. Þykir verða við það að miða, svo sem krafist er af hálfu stefnanda, og ber samkvæmt framansögðu að taka til greina kröfu stefnanda að þessu leyti, þ. e. að dæma stefnda til að greiða sér 445.000 kr. vegna þess hluta samnings, er stefnandi hafði efnt, til viðbótar þeim greiðslum, er stefnandi hefur þegar fengið greiddar frá stefnda.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu reikning vegna annarra verka en verk-samningurinn kvað á um, að fjárhæð 113.544 kr., ásamt tímaskýrslum og lýs-ingu á verkum þeim, sem unnin voru.

Stefndi hefur hér fyrir dóminum viðurkennt, að stefnandi hafi a. m. k. að hluta til unnið verk þessi. Reikningi þessum var eigi mótmælt af hálfu stefnda fyrr en við aðalflutning málsins. Stefnandi andmælti þeim mótmæl-um sem of seint fram komnum. Verður á það fallist með stefnanda, og ber að dæma stefnda til að greiða reikning þennan að fullu.

Í málinu liggur ekki fyrir, að stefnandi hafi formlega kafið stefnda um greiðslu skuldarinnar fyrr en með bréfi lögmanns síns, dagsettu 21. mars 1996, og kemur þar m. a. fram, að reikningur fyrir framangreind aukaverk hafði þá enn ekki verið gerður, en greiðslu hans var krafist í bréfinu. Þykir eiga að miða við dagsetningu bréfs þessa við ákvörðun upphafstíma vaxta, og ber samkvæmt því að dæma stefnda til að greiða dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. apríl 1996 til greiðsludags. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr., og er þá virðisaukaskattur á málflutningsþóknun lög-manns hans ekki innifalinn.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Sprettur ehf., greiði stefnanda, Friðriki Bjarnasyni f. h. einkafirma hans, Vélaleigu Friðriks, 558.544 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. apríl 1996 til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. apríl 1997, og 100.000 kr. í málskostnað.